

5. skólaráðsfundur fimmtudaginn 3.5. 2018 kl. 15:00

Mætt: Halldór Birgir Eydal fulltrúi nemenda, Sonja Dagsdóttir og Elfa Björk Jóhannsdóttir fulltrúar kennara, Svava Svavarsdóttir ritari, Hugrún Dögg Harðardóttir fulltrúi foreldra, Anna Bergrós Arnardóttir deildarstjóri, Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri og Marías Ben. Kristjánsson deildarstjóri sem ritar fundargerð.

1. Anna Bergrós fer yfir niðurstöður nýjustu könnunar Skólapúlsins, foreldrakönnun. Þessi könnun var lögð fyrir í febrúar. Niðurstöður könnunarinnar eru heilt yfir jákvæðar. Það sem m.a. sig er jákvætt við niðurstöðurnar nú að foreldrum finnst hæfilegur agi í skólanum, og að nemendum líði vel í skólanum. Einnig eru foreldrar ánægðari en áður með úrvinnslu eineltismála í skólanum. Ánægja foreldra með frístundastarf í skólanum er minni en áður. Væntingar foreldra nemenda Síðuskóla um háskólanám eru einnig þó nokkuð undir landsmeðaltali. Nánari niðurstöður könnunarinnar má sjá á heimasíðu skólans, www.siduskoli.is
2. Ólöf fer yfir skólareglur og ársáætlun SMT, sem gerð var 2015. Rætt um einstakar reglur í reglutöflunni og hvernig nemendum gengur að fara eftir þeim. Sérstaklega rætt um símareglur og skiptar skoðanir varðandi hvað gera eigi í þeim málum.
3. Grænfáninn verður vonandi endurnýjaður á næstu viku en skólinn verður tekinn út í næstu viku. Stefnt er að því að næsta þema verði lýðheilsa sem unnið verður með næstu tvö árin. Ábending kemur um það hvort hægt sé að vinna með hljóðvist og þá sér í lagi í matsalnum. Ýmislegt hefur verið gert, s.s. nýjir tappar undir stóla, plastdiskar á hjá yngstu bekkjum, tilraun með dúka og fleira.

Fundi slitið kl. 16:20.